

Sp.

672. Þingsályktun

[53. mál]

um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum.

(Afgreidd frá Sp. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt er unnt að stjórna þeirri þróun.

Jafnframt skal nefndin benda á kosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði. Sérstaklega skal athuga hvernig vinnumarkaðurinn geti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu.

Nefndin skal við störf sín hafa hliðsjón af þeirri vinnu og þeim skýrslum sem þegar kann að vera lokið héraðs og erlendis.

Skal nefndin skila niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1982.